

Mánudaginn 23. októbermánaðar.

Nr. 32/1905: Sigfús Sveinbjarnarson

gegn

Oddi Gíslasyni. f. h. Lárusar A. Snorrasonar  
kaupmanns.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Lárusar A. Snorrasonar kaupmanns á Ísafirði gegn áfrýjandanum Sigfúsi Sveinbjarnarsyni fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur til innheimtu verzlunarskuldar, að upphæð 132 kr. 76 a., og var málið dæmt í nefndum rétti 18. maí þ. á. þannig, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda nefnda upphæð með 5<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtu frá sáttakærudegi 19. sept. f. á. og 15 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. júní þ. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda, að stefndi verði dæmdur til sektaútláta fyri óþarfa málsýfing, að nokkur móðgandi ummæli stefnda um áfrýjanda verði dæmd dauð og ómerk og stefndi sektaður fyrir þau, að ómerking bæjarþingsdómsins á nokkrum ummælum áfrýjanda um stefnda verði úr gildi feld, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist sýknunar af kærnum og kröfum áfrýjanda, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Veturinn 1901—1902 veitti áfrýjandi forstöðu verzlun Lárusar A. Snorrasonar á Ísafirði og varð hin umkrafað skuld til á þeim tíma og er bygð á tilfærslum í bókum verzlunarinnar eftir áfrýjanda sjálfan eða samkvæmt hans fyrirsögn sem verzlunarstjóra. Áfrýjandi heldur því þó fram, að krafa stefnda, sem bygð er á þessum tilfærslum í verzlunarbókunum, sé eigi rétt, því að hann hafi talið sumt í reikningi sínum í bókunum aðeins til bráðabirgða og eigi hann ekki að svara til þess, en annað sé þar vantalið tekjumegin. Hann kveðst þannig ekki eiga að svara til 72 kr 83 a. og 65 kr. 83 a., sem taldar eru honum til skuldar í reikningi hans. Fyrri upphæðin er fyrir ýmsar vörur, kol, steinolíu o. fl., sem hann kveðst hafa úthlutað viðskiftamönnum verzlunarinnar sem jólagjafir, og [síðari upphæðina kveður hann hafa gengið til góðgjörða handa viðskiftamönnum verzlunarinnar. En stefndi hefir neitað því, að áfrýjandi hafi haft nokkra heimild til að gefa þessar vörur úr verzluninni, og áfrýjandi hefir með því að færa sér þær sjálfur til skuldar sýnt, að hann hefir sjálfur álitid að hann ætti að endurborga þær verzluninni. Upphæðir þessar verða því ekki gegn mótmælum stefnda dregnar frá skuld áfrýjanda. Vantaldar telur áfrýjandi sem tekjur í reikningi sínum 25 kr., er hann hafi greitt í þarfir verzlunarinnar, 23 kr., er kostað hafi verið til tilrauna að ráða menn á útveg verzlunarinnar, og 2 kr. fyrir tóman kassa honum tilheyrandi, er runnið hafi inn í verzlunina, en stefndi hefir neitað því, að áfrýjandi hafi greitt nokkurn slíkan kostnað fyrir verzlunina eða að verzlunin eigi að endurgjalda áfrýjanda neina af þessum upphæðum, og þar

sem áfryjandi hefir ekki fært nægar sönnur á mál sitt í þessu tilliti, verður krafa hans að þessu leyti heldur ekki tekin til greina.

Þá hefir áfryjandi haldið því fram, að vantaldar væru sér til handa í reikningnum procentur af innheimtum á eldri skuldum verzlunarinnar, meðan hann veitti verzluninni forstöðu. En þar sem áfryjandi hefir eigi fullyrt, að hann hafi innheimt neinar eldri skuldir fyrir verzlunina, er hann ætti heimting á procentum fyrir, og stefndi hinsvegar hefir haldið því fram, að í reikningi þeim, er hann hefir lagt fram í máli þessu, og sem bygður er á tilfærslum áfryjanda sjálfs, sé fullnaðargrein gerð fyrir viðskiftum áfryjanda við verzlunina og hafi áfryjandi eftir honum ekki innheimt neinar skuldir, er honum hafi borið innheimtugjald fyrir, þá er eigi unt að taka neitt tillit til aðfinninga áfryjanda í þessu efni.

Með því að áfryjandi ennfremur hefir eigi gegn mótmælum stefnda sannað, að vantalinn sé tekjumegin í reikningnum húsaleigukostnaður, er hann kveðst hafa átt að fá endurgoldinn af verzluninni, 7 kr. 50 a., verða yfir höfuð mótbáru hans gegn kröfu stefnda eigi til greina teknar og ber því að fallast á niðurstöðu bæjarþingsdómsins að því leyti sem hann dæmir áfryjanda til að greiða stefnda hina umkröfðu skuld. Aðrar kröfur áfryjanda í máli þessu er heldur ekki ástæða til að taka til greina og verður bæjarþingsdómurinn því staðfestur að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Áfryjanda ber eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi er ákveðst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Sigfús Sveinbjarnarson greiði stefnda Oddi yfirréttarmálaflutningsmanni Gíslasyni fyrir hönd Lárusar A. Snorrasonar kaupmanns í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 30. októbermánaðar.

Nr. 34/1905:

Réttvísín

gegn

Birni sýslumanni Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði höfðað eftir skipun amtmannsins í vesturamtinu gegn sýslumanni í Dalasýslu Birni Bjarnarsyni fyrir óhlyðni gagnvart löglegri skipun amtráðsins og amtmannsins í Vesturamtinu og gekk dómur í því fyrir aukarétti Dalasýslu hinn 14. jan. þ á með þeim úrslitum, að ákærði var sýkn dæmdur af akæru réttvísinnar í málinu og málskostnaður lagður á almannafé. En dómi þessum hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Á fundi sínum 25.—28. júlí 1903 ályktaði amts-